

## REGLUR um Lánasjóð nemenda í skipstjórn og vélstjórn.

### 1. gr.

#### *Nafn sjóðsins.*

Sjóðurinn heitir Lánasjóður nemenda í skipstjórn og vélstjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjóðsins er 1 millj. kr. framlag frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

### 2. gr.

#### *Tilgangur sjóðsins.*

Tilgangur sjóðsins er að veita lán þeim er stunda skipstjórnar- og/eða vélstjóranám.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Framlög sem sjóðnum kunna að áskotnast.
- b) Vaxtatekjur, lántökugjald og verðbætur.
- c) Aðrar tekjur.

### 4. gr.

#### *Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum. Þeir eru; skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands sem jafnframt er formaður, einn fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendaráðum skólanna og einn fulltrúi tilnefndur af LÍÚ.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela banka eða sparissjóði vörslu sjóðsins, innheimtu lána og annað það er leiða kann af starfsemi hans.

Leggja skal endurskoðaðan reikning fyrra almanaksárs fyrir stjórn sjóðsins eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

### 5. gr.

#### *Umsóknir um lán.*

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólafyrvalda um að umsækjandi sé við nám.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. október á haustönn og 15. febrúar á vorönn ár hvert.

Sjóðstjórn skal stefna að afgreiðslu lána fyrir 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

### 6. gr.

#### *Úthlutun lána.*

Fjárhæðir lána skulu ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til fjölskyldustærðar, búsetu umsækjanda og annarra aðstæðna samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

### 7. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 13. janúar 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*